

ráðsmanni eða starfsmönnum stofnunarinnar samkvæmt fyrirmælum ráðsmanns. 25
Aldrei mega vistmenn sækja dansleiki eða aðrar skemmtanir, þar sem ætla má, að 17. febr.
vín verði haft um hönd.

Læknir stofnunarinnar getur veitt þeim vistmönnum, sem dvalizt hafa þrjá mánuði eða lengur á hælínu, fjarvistarleyfi í 2—3 daga í senn, enda telji hann, að treysta megi þeim til að fara vel með slík leyfi.

Allir vistmenn skulu vera viðstaddir til viðtals við lækni stofnunarinnar, þegar hann kemur á staðinn.

7. gr.

Nú veikist vistmaður af langvinnum sjúkdómi eða reynist af öðrum ástæðum ekki fær um að stunda minnst þriggja klukkustunda vinnu á dag, og skal þá leitast við að koma honum á aðra viðeigandi heilbrigðisstofnun til lækninga, svo fremi ekki reynist unnt að ráða bót á sjúkdómnum á staðnum að dómi læknis stofnunarinnar. Slíkur sjúklingur á síðar að fengnum bata og vinnuhæfni forgangsrétt að vist á hælínu að nýju.

8. gr.

Tímalengd hælisvistarinnar fer eftir úrskurði læknis stofnunarinnar innan þeirra marka, sem leiðir af ákvæðum 10. gr. laga nr. 55/1949, en gert er ráð fyrir minnst hálf til eins árs dvöl. Skulu vistmenn brottskráðir til reynslu í hálf ári áður en þeir verða að fullu brottskráðir.

Byrji vistmaður að neyta áfengis að nýju, gefst honum að jafnaði kostur á vist aftur.

Áfengisvarnaráð skipar ármenn (social workers) fyrir hælið eftir þörfum, og skulu þeir starfa fyrir og aðstoða vistmenn innan heimilis og utan. Áður en vistmaður er brottskráður til reynslu, skal hælið eða ármenn þess ávallt leitast við að útvega honum starf og dvalarstað, er telja má vera við hans hæfi, ef hann hverfur ekki að ákveðnu heimili og atvinnugrein.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55 25. maí 1949, sbr. lög nr. 91 29. des. 1953, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 17. febrúar 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 1. marz þ. á. og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingar ráðuneytisins nr. 2 11. jan. 1933, nr. 30 1. marz 1943 og nr. 15 6. febr. 1952) um 66 $\frac{2}{3}$ %, þannig að almennt viðtalsgjald, sem samkvæmt hinni upphaflegu gjaldskrá 1933 var 2 krónur, verður 10 krónur, og aðrir liðir samsvarandi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 25. febrúar 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.